

Frumvörp til laga um stjórn fiskveiða og veiðigjöld  
Áhrif á starfandi sjávarútvegsfélög

20. apríl 2012

Að beiðni forsvarsmanna Landssambands Íslenskra útvegsmanna (LÍÚ) og á grundvelli verksamnings milli Deloitte ehf. sem verksala og LÍÚ sem verkkaupa, birtir Deloitte drög að álitum um áhrif fyrirbyggjandi lagafrumvarpa um breytingu á stjórn fiskveiða númer 657 og 658.

Á grundvelli fjölmargra ársreikninga sjávarútvegshéttis frá árinu 2010 og 2011 og opinberra gagna, s.s. frá Hagstofu Íslands, Ríkisskattstjóra, Fiskistofu, Fjármálaráðuneytinu og Seðlabanka Íslands, hefur Deloitte unnið mat á áhrifum frumvarpsins á framtíðarrekstur starfandi sjávarútvegshéttis. Í þessu sambandi er vakin athygli á eftirfarandi:

Aðstæður í framtíðinni og forsendur rekstrar eru háðar óvissu, sem veldur því að upplýsingar og áætlanir kunna að breytast í veigamiklum atriðum og hafa þannig áhrif á horfur fram í tímann.

Deloitte getur ekki borið ábyrgð á túlkun eða notkun á upplýsingum sem hér er að finna.

Í ljósi fyrirvara um ofangreind atriði tekur Deloitte ekki á sig ábyrgð af ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli þessarar skýrslu.

## Deloitte ehf.

### Þorvarður Gunnarsson

Löggiltur endurskoðandi / Eigandi

### Jónas Gestur Jónasson

Löggiltur endurskoðandi / Eigandi

## Tengiliðir hjá Deloitte vegna þessarar skýrslu

### Þorvarður Gunnarsson

Forstjóri / Eigandi

Sími: 580-3101 / 893-5128

[thorvardur.gunnarsson@deloitte.is](mailto:thorvardur.gunnarsson@deloitte.is)

### Jónas Gestur Jónasson

Eigandi

Sími: 580-3044 / 898-2495

[jonas.gestur.jonasson@deloitte.is](mailto:jonas.gestur.jonasson@deloitte.is)

Deloitte ehf.

Kt. 521098-2449

Smáratorgi 3

201 Kópavogur

Íceland

[www.deloitte.is](http://www.deloitte.is)

Kafli	Bls.
Meginniðurstöður	3
Áhrif á reikningsskil	7
Fjárfestingar, fjárstreymi og virðisaukning	10
Áhrif á fyrirtæki – forsendur og aðferðafræði	14
Áhrif á fyrirtæki – Niðurstöður	23
Fyrirtækjagreiningar	32

## Meginniðurstöður


Samþykkt frumvarpanna leiðir til að sjávarútvegur verður óhagkvæmari og það skerðir lífskjör þjóðarinnar

## Skýringar

- Aukin úthlutun aflahlutdeilda í potta til pólitískrar úthlutunar og skerðing aflahlutdeilda hjá starfandi sjávarútvegsfélögum mun án efa verða á kostnað hagkvæmni og arðsemi í sjávarútvegi. Þannig er hætt við að verr rekin félög fái aðstoð með úthlutun úr pottum á kostnað betur rekinna félaga sem ekki eru talin þurfa aðstoð. Það hvetur ekki til fjárfestinga í greininni að ríkið taki til sín 70% af framlegðaraukningu vegna fjárfestinga auk 20% tekjuskatts af þeim 30% sem eftir standa. Það hvetur enn síður til til vinnslu sjávaraflla á Íslandi og til innflutnings sjávaraflla til vinnslu á Íslandi.
- Sjávarútvegur er undirstöðu atvinnugrein á Íslandi og fyrir lífskjör þjóðarinnar skiptir verulegu máli að sjávarútvegur sé rekinn með sem hagkvæmustum hætti, annað leiðir óhjákvæmilega til skerðingar á lífskjörum þjóðarinnar.

## Veidigjaldið leggst á landsbyggðina

Um 87% af veiðiheimildum eru staðsettar á landsbyggðinni



## Veidigjald fyrirtækja í 10 gjaldhæstu sveitarfélögum

Bæjarfélög	Veidigjald m.kr	kr. á hvern íbúa	Hlutfall
Vestmannaeyjabær.....	3.716	886.805	15,9%
Fjarðabyggð.....	2.964	644.413	12,7%
Reykjavíkurborg.....	2.678	22.544	11,5%
Akraneskaupstaður.....	1.466	222.438	6,3%
Grindavíkurbær.....	1.436	507.247	6,2%
Akureyrarkaupstaður....	1.379	77.114	5,9%
Hornafjörður.....	1.308	611.259	5,6%
Snæfellsbær.....	817	469.484	3,5%
Ísafjörður.....	751	200.357	3,2%
Fjallabyggð.....	696	341.207	3,0%

## Meginniðurstöður

Fjárstreymi sjávarútvegsins í heild dugar ekki til greiðslu á núverandi skuldum

Virðisrýrnun aflaheimilda veruleg á fyrsta ári

Veiðigjaldafrumvarpið kemur verst við þau félög sem hafa fjárfest í sjávarútvegi undanfarin ár. Greind voru 75 félög og 53 þeirra standa ekki undir hækkun á veiðigjaldi sem boðuð er

Frumvarpið kemur verst við minni og meðalstór félög

## Skýringar

## Frjálst fjárstreymi sjávarútvegsfyrirtækja


m.kr

EBITDA (án veiðigjalds)	65.938
- Reiknaðir vextir	-21.960
- Reiknaðir skattar	-4.844
- Fjárfestingar	-19.758
Fjárstreymi (án veiðigjalds)	19.376
<i>Hlutfall af vaxtab.skuldum</i>	<i>18,9</i>
- Veiðigjald alls	-23.513
+ Skattasparnaður	4.844
Fjárstreymi (með veiðigjaldi)	707
<i>Hlutfall af vaxtab.skuldum</i>	<i>518</i>

Samkvæmt greiningu Deloitte eru vaxtaberandi skuldir sjávarútvegsins um 366 ma.kr árið 2010.  
6% vextir eru um 22 ma.kr

Það er uppsöfnuð fjárfestingarþörf í sjávarútvegi og útreikningar Deloitte gefa til kynna að nauðsynlegar fjárfestingar séu um 30% af EBITDA

Án veiðigjalds hefur sjávarútvegurinn um 19,4 ma.kr til að greiða af vaxtaberandi lánum og greiða arð.  
Með veiðigjaldi er sú upphæð um 707 m.kr og það tæki sjávarútveginn um 518 ár að greiða upp allar vaxtaberandi skuldir.



## Meginniðurstöður

Renta greinarinnar er stórlega ofmetin þar sem ekki er tekið tillit til eðlilegra fjárfestinga og greiðslu núverandi skulda vegna fjárfestinga í sjávarútvegi

Óeðlilegt að auðlindagjald sé greitt af afkomu fiskvinnslunnar

## Skýringar

## Renta í sjávarútvegi árið 2010

Veiðar og vinnsla	Botnfiskur	Uppsjávarf.	Alls
+ EBITDA (m.kr)	52.712	10.926	63.638
Fastafjármunir (m.kr)	274.655	60.295	334.950
8% x verðmæti rekstrarfjármuna (veiðar)			
10% x verðmæti rekstrarfjármuna (vinnsla)			
- Árgreiðsla	23.415	5.278	28.693
<b>= Renta</b>	<b>29.297</b>	<b>5.648</b>	<b>34.945</b>
- Árleg fjárfestingaþörf			(19.758)
<b>= Eftirstöðvar</b>			<b>15.187</b>

Renta fyrir árið 2010 samkvæmt frumvarpi.

Eftirstöðvar þegar búið er að gera ráð fyrir árlegum fjárfestingum í rekstrarfjármunum er um 15 ma.kr fyrir árið 2010. Veiðigjald fyrir sama ár samkvæmt frumvarpinu hefði verið um 23 ma.kr.

- Auðlindarenta nefnist sá umframhagnaður sem náttúruauðlindir, eins og sjávarfang, skapa.
- Hluti af hagnaði útgerðarinnar stafar af auðlindarentunni. Auðlindarenta myndast ekki við fullvinnslu afurða þar sem aðföng eru aðkeypt og framleiðslan er í samkeppni við aðrar vinnslur.
- Virðisaukning í fiskvinnslu er afleiðing af tækniþróun, fjárfestingum og hæfu starfsfólki ásamt skilningi á markaðsaðstæðum og góðum tengslum við endanlegan kaupanda afurðarinnar.
- Það er því óeðlilegt að greitt sé auðlindagjald af afkomu fiskvinnslunnar.

Kafli	Bls.
Meginniðurstöður	3
<b>Áhrif á reikningsskil</b>	<b>7</b>
Fjárfestingar, fjárstreymi og virðisaukning	10
Áhrif á fyrirtæki – aðferðafræði	14
Áhrif á fyrirtæki – Niðurstöður	23
Fyrirtækjagreiningar	32

# Áhrif á reikningsskil vegna breytinga á fiskveiðistjórnunarkerfinu

## Keyptar aflaheimildir sjávarútvegsfélaga verða gjaldfærðar á 20 árum

## Virðisrýrnun hugsanleg vegna skerðingar á aflahlutdeild sem flutt er í flokk 2

### Líftími aflahlutdeilda og afskriftir

Félögum ber að meta hvort líftími óefnislegra eigna sé takmarkaður eða ótakmarkaður. Ef líftíminn er metinn takmarkaður ber félögum að afskrifa eignina með kerfisbundnum hætti yfir líftíma hennar. *IAS 38.88*

Í 12 gr. frumvarps til laga um stjórn fiskveiða kemur fram að heimild til framsals aflahlutdeilda falli niður við upphaf fiskveiðiársins 2032.

Áhrif við banni við framsali aflahlutdeilda eru þau að líftími aflahlutdeilda breytist úr ótakmörkuðum yfir í takmarkaðan og af þeirri ástæðu ber að afskrifa aflahlutdeildir sem nú eru til staðar í reikningsskilum sjávarútvegsfélaga með kerfisbundnum hætti yfir líftímamann sem telur 20 ár frá árinu 2012. Fjárfesti félög í aflahlutdeildum á næstu 20 árum, fram til 2032, ber þeim að afskrifa þá hlutdeild með kerfisbundnum hætti frá kaupdegi fram til ársins 2032.

Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofu Íslands námu eignfærðar aflahlutdeildir hjá sjávarútveginum í heild um 200 milljörðum kr. í lok árs 2010. Eignfærðar aflahlutdeildir munu sæta verulegri niðurfærslu ef frumvörpin verða að lögum. Bókfært virði aflahlutdeilda að teknu tilliti til virðisrýrnunar ber að afskrifa línulega, þ.e. um 5% á ári, á næstu 20 árum. Án tillits til virðisrýrnunar sem verður á árinu 2012 munu árlegar afskriftir nema um 10 milljörðum kr.

### Skerðing aflahlutdeilda og virðisrýrnun

Frá upphafi fiskveiðiársins 2012/2013 munu aflahlutdeildir fiskiskips skerðast í öllum tegundum, þar sem aflahlutdeild hefur verið úthlutað. Skerðingarhlutföllum verður ráðstafað í flokk 2.

*Úr bráðabirgðaákvæði II í frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða*

Meta skal á reikningsskiladegi hvort vísbendingar eru um hvort eign hafi orðið fyrir virðisrýrnun. Ef vísbendingar eru um virðisrýrnun skal meta endurheimtanlegt virði eignarinnar. Virðisrýrnun hefur orðið ef endurheimtanlegt virði eignar er lægra en bókfært virði hennar. *IAS 36.9 og 36.6*

Í þeim tilfellum sem aflahlutdeild er eignfærð í reikningsskilum sjávarútvegsfélaga er um skerðingu á óefnislegri eign félaganna að ræða samkvæmt bráðabirgðaákvæði II. Ákvæðið getur haft áhrif til lækkunar á virði aflahlutdeilda í umræddum tegundum í bókum félaganna. Á þetta sérstaklega við um þau félög þar sem stór hluti aflahlutdeilda er keyptur á síðastliðnum árum og eignfærður í reikningsskilin.

*IAS 36 – Virðisrýrnun eigna*

*IAS 38 – Óefnislegar eignir*

*IFRS / IAS – Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar*



# Áhrif á reikningsskil vegna breytinga á fiskveiðistjórnunarkerfinu

## Sérstakt veiðigjald hefur mjög neikvæð áhrif á framtíðarsjóðstreymi

## Veruleg virðisrýrnun aflahlutdeilda 2012/2013

## Veiðigjald gjaldfært í rekstrarreikningi þegar það fellur til

### Sérstak veiðigjald og virðisrýrnun

Í 8. gr. frumvarps til laga um veiðigjöld kemur fram að sérstakt veiðigjald skuli lagt á, 70% af stofni til útreiknings, þ.e. samtala reiknaðrar rentu sem er samkvæmt 10. gr. frumvarpsins:

*Renta reiknast sem söluverðmæti afla eða afurða að frádregnum annars vegar rekstrarkostnaði vegna veiða og vinnslu, öðrum en fjármagnskostnaði og afskriftum rekstrarfjármuna, og hins vegar reiknaðri ávöxtun á verðmæti rekstrarfjármuna.*

Álagning sérstaks veiðigjalds mun hafa verulega áhrif til lækkunar á framtíðarsjóðstreymi sjávarútvegsins í heild sinni sem og á framtíðarsjóðstreymi hvers félags fyrir sig. Þau félög sem hafa eignfærðar aflahlutdeildir í reikningsskilum munu verða fyrir virðisrýrnun vegna minnkandi framtíðarsjóðstreymis strax á árinu 2012/2013 þegar sérstaka veiðigjaldið fellur til. Mest verður virðisrýrnunin hjá þeim félögum þar sem stór hluti aflahlutdeilda er eignfærður í reikningsskilin.

### Nýtingarleyfi og reikningshaldsleg meðferð

Til og með 1. ágúst 2012 býðst eigendum þeirra skipa sem þá ráða yfir aflahlutdeild að gangast undir leyfi til að nýta aflahlutdeild til 20 ára frá upphafi fiskveiðisársins 2012/2013.

Handhafar leyfisins greiða gjald fyrir nýtingarheimild sína.

Framsál leyfisins er ekki heimilt, hvorki að hluta né heild.

*Úr 11. gr frumvarps til laga um stjórn fiskveiða*

Með sérstöku veiðigjaldi er fyrirhugað að skattleggja auðlindarentuna sem verður til við nýtingu fiskveiðiauðlindarinnar. Eigendum fiskiskipa, sem nú þegar hafa aflahlutdeildir til umráða, býðst að gangast undir leyfi til að nýta þessar aflahlutdeildir gegn gjaldi. Án leyfisins er eigendum skipanna óheimilt að nýta þær aflahlutdeildir sem þeir hafa fram til þessa nýtt án umrædds nýtingarleyfis.

Ef frumvarp til laga um stjórn fiskveiða verður að lögum mun ríkið taka til sín verulegan hlut ávinnings af aflahlutdeildunum. Leyfishafa verður ekki heimilt að framselja nýtingarleyfið auk þess sem honum ber að greiða veiðigjald fyrir nýtingarheimild sína. Endurgjaldið fyrir nýtingarleyfið, þ.e. almenna veiðigjaldið og sérstaka veiðigjaldið, er gjaldfært í rekstrarreikningi þegar það fellur til.

Kafli	Bls.
Meginniðurstöður	3
Áhrif á reikningsskil	7
<b>Fjárfestingar, fjárstreymi og virðisaukning</b>	<b>10</b>
Áhrif á fyrirtæki – forsendur og aðferðafræði	14
Áhrif á fyrirtæki – Niðurstöður	23
Fyrirtækjagreiningar	32

# Útreikningur á umframhagnaði (rentu) samkvæmt ákvæðum frumvarpsins

Samkvæmt frumvarpinu er renta það umframfjármagn eftir að bóúð er að tryggja öðrum framleiðsluþáttum þ.e. vinnu og fjármagni, eðlilegt endurgjald.

## Árgreiðsla og renta í sjávarútvegi

Samkvæmt 9. gr. frumvarps til laga um veiðigjöld skal reiknuð renta vera stofn til útreiknings á sérstöku veiðigjaldi. Í 10. gr. er útlistað hvernig reikna skal rentuna.

Renta reiknast sem söluverðmæti afla eða afurða sem og tekjur af sölu og leigu aflaheimilda að frádregnum annars vegar rekstrarkostnaði vegna veiða og vinnslu, öðrum en fjármagnskostnaði og afskriftum rekstrarfjármuna, og hins vegar reiknaðri ávöxtun á verðmæti rekstrarfjármuna. Til rekstrarkostnaðar skal telja niðurfærslu keypra aflaheimilda í samræmi við ákvæði skattalaga.

Við útreikningu rentu skal byggt á upplýsingum sem Hagstofa Íslands vinnur árlega úr skattframtölum og aflar frá fyrirtækjum í fiskveiðum og fiskvinnslu, ásamt upplýsingum frá Fiskistofu.

Reiknaða ávöxtun rekstrarfjármuna, að meðtöldum birgðum, skal miða við áætlað verðmæti þeirra í lok tekjuárs, 8% í fiskveiðum, en 10% í fiskvinnslu, sem Hagstofa Íslands vinnur árlega úr skattframtölum og aflar frá fyrirtækjum í fiskveiðum og fiskvinnslu. Verðmæti skipakosts skal miða við váttryggingarverðmæti skipa eins og það er ákveðið af váttryggingafélögum að viðbættum 20% vegna búnaðar og tækja við fiskveiðar. Verðmæti fasteigna og annarra rekstrarfjármuna skal miða við bókfært verð þeirra án afskrifta, að teknu tilliti til breytinga á vísitölu byggingarkostnaðar frá meðaltali tekjuárs skattframtals til 1. apríl næst fyrir ákvörðun veiðigjaldsins.

## Útreikningur á rentu í sjávarútvegi

- + Söluverðmæti afla / afurða
- + Leiga aflaheimilda
- Rekstrarkostnaður (veiði)
- Rekstrarkostnaður (vinnsla)
- Afskriftir skattalegra aflaheimilda
- Reiknuð ávöxtun fastafjármuna (árgreiðsla)

### Renta

Ekki innifalið í rekstrarkostnaði:

- Fjármagnskostnaður
- Afskriftir rekstrarfjármuna

### Ávöxtun reiknuð sem

8% x verðmæti rekstrarfjármuna (veiðar)  
 10% x verðmæti rekstrarfjármuna (vinnsla)  
**Reiknuð ávöxtun rekstrarfjármuna**

### Verðmæti rekstrarfjármuna

- + Skip (váttryggingaverðmæti)
- + 20% álag
- + Fasteignir (bókfært verðm.án afskrifta)
- + Aðrir rekstrarfjármunir (bókfært verðm.án afskrifta)

### Verðmæti rekstrarfjármuna

Ekki innifalið í verðmæti rekstrarfjármuna

- Aflaheimildir

# Athugasemdir varðandi aðferðarfræði við útreikning á rentu

Sá útreikningur sem frumvarpið gerir ráð fyrir til að reikna ávöxtun rekstrarfjármuna dugir ekki til að geta innifalið að fullu bæði fjármagnskostnað og afborganir af skuldum vegna fjárfestinga.

## Ávöxtunarkrafa

Sá útreikningur sem frumvarpið gerir ráð fyrir til að reikna ávöxtun rekstrarfjármuna dugir ekki til að geta innifalið að fullu bæði fjármagnskostnað og afborganir af skuldum vegna fjárfestinga. Eigi slíkur útreikningur að innifela bæði fjármagnskostnað og afborganir af skuldum vegna fjárfestinga væri eðlilegast að miða við eðlilega ávöxtunarkröfu, endurkaupaverð fjárfestinga og útreikning jafngreiðslu afborgana og vaxta á endingartíma eigna.

## Ávöxtun rekstrarfjármuna

Sú aðferðarfræði sem notuð er til að reikna ávöxtun rekstrarfjármuna er mjög vandasöm. Kostnaður fjármagns getur verið mjög breytilegur frá einum tíma til annars. Bæði LIBOR vextir og vaxtaálag fjármálafyrirtækja þau ár sem höfð eru til hliðsjónar voru sögulega í lágmarki. Vaxtaálag íslenskra banka hefur þegar hækkað umtalsvert frá viðmiðunarárum og almennt er gert ráð fyrir að LIBOR vextir muni hækka. Þá hefur aðgengi að erlendum lánum versnað mikið eins og kunnugt er.

Í frumvarpi er stuðst við váttryggingarverðmæti skipa að viðbættu 20% vegna veiðarfæra og hins vegar bókfært verð annarra rekstrarfjármuna án afskrifta. Váttryggingarverð skipa fylgir nokkurn veginn verðlagi en ekki er tekið tillit til verðlagsbreytinga annarra eigna nema að mjög óverulegu leyti. Við teljum að í þessu sambandi væri réttara að miða við endurnýjunarverð eigna hverju sinni í stað þessara stofna.

## Niðurfærsla aflaheimilda

Niðurfærsla keyptra aflaheimilda í samræmi við ákvæði skattalaga telst rekstrarkostnaður skv. frumvarpinu en ekkert tillit er tekið til gjaldfærslu hinna tæplegu þriggja fjórðu hluta eignfærðra aflaheimilda, þ.e. sem sjávarútvegsfélög hafa keypt í öðru formi en með beinum kaupum. Ekkert tillit er heldur tekið til vaxta af skuldum vegna kaupa aflaheimilda og virðist því ekki ráð fyrir því gert að framtíðarrekstur eigi að standa undir þessum kostnaði.

## Birgðir


Varðandi kostnað vegna fjárbindingar í birgðum er miðað við birgðastöðu afurða sjávarútvegs í lok árs þegar hún er almennt í lágmarki. Birgðastaða á þeim tímapunkti gefur því ekki rétta mynd af meðal birgðastöðunni og því ekki heldur af meðal fjárbindingu og fjármagnskostnaði vegna hennar.

## Viðskiptakröfur

Gera má ráð fyrir að óvaxtaberandi kröfur sjávarútvegs (viðskiptakröfur) séu umfram óvaxtaberandi skuldir og sá mismunur er þar af leiðandi fjármagnaður með vaxtaberandi skuldum. Í frumvarpinu er ekki tekið tillit til kostnaðar vegna þessa.

# Virðisaukning í sjávarútvegi – hlutur fiskvinnslunnar

## Verðmyndun á ferskum þorski í Bretlandi maí 2008



Heimild: Rannsókn Háskólans á Akureyri, "Skipulagsgerð og Verðmætasköpun í Sjávarútvegi" (2008)

Hér að ofan sjáum við dæmi um verðmyndun á ferskum þorski á Bretlandsmarkaði árið 2008. Smásöluverð til neytenda þar í landi er 20,7 EUR/kg. Af þeirri upphæð eru 11,8 EUR [6,3 EUR + 5,5 EUR] sem myndast á Íslandi eða 58% [11,85 / 20,7] af virðisaukningu vörunnar myndast hér á landi. Um 27% [5,5 / 20,7] af heildarvirðisaukningunni verður til við vinnslu vörunnar hér á landi.

Stór hluti virðisauka sjávarafurða verður til við vinnslu á hráefni.

Auðlindarenta verður ekki til í fiskvinnslu.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að veiðigjaldið reiknast af þeirri virðisaukningu sem verður til við veiðar og vinnslu sjávarafurða.

## Hvað er fiskvinnsla?

Fiskvinnsla er sá þáttur sjávarútvegs sem snýr að verkun og vinnslu sjávarfangs. Fiskvinnslan framleiðir þá vöru sem unnin er úr hráefninu, fiski eða sjávarfangi. Fullunnin vara er síðan seld á markaði, annað hvort til frekari vinnslu eða til endanlegs neytanda.

## Virðisauki í sjávarútvegi

Stór hluti af virðisaukningu verður til við vinnslu sjávarafurða. Hér til hliðar er dæmi um verðmyndun á ferskum þorski á Bretlandsmarkaði. Þannig verður 58% af virðisaukningunni til hér á landi, þar af eru um 27% tilkominn vegna vinnsluþáttar.

Innflutt hráefni til fiskvinnslu var 80.873 tonn árið 2010 og nam verðmæti þess 10% af verðmæti þess afla sem tekinn var til vinnslu hérlandis.

## Í hverju felst virðisaukningin í fiskvinnslunni ?

Virðisaukning í fiskvinnslu er afleiðing af tækniþróun, fjárfestingum og hæfu starfsfólki ásamt skilningi á markaðsaðstæðum og góðum tengslum við endanlegan kaupanda afurðarinnar.

## Auðlindarenta

Auðlindarenta nefnist sá umframhagnaður sem náttúruauðlindir, eins og sjávarfang, skapa. Hluti af hagnaði útgerðarinnar stafar af auðlindarentunni. Auðlindarenta myndast ekki við fullvinnslu afurða þar sem aðföng eru aðkeypt og framleiðslan er í samkeppni við aðrar vinnslur.

Kafli	Bls.
Meginniðurstöður	3
Áhrif á reikningsskil	7
Fjárfestingar, fjárstreymi og virðisaukning	10
<b>Áhrif á fyrirtæki – forsendur og aðferðafræði</b>	<b>14</b>
Áhrif á fyrirtæki – Niðurstöður	23
Fyrirtækjagreiningar	32

# Afborganir af skuldum – fjárfestingar - afskriftir

Árleg fjárfestingarþörf til lengri tíma er um 30% af EBITDA

Bókfærðar afskriftir eru af óverðleiðréttu stofnverði en endurstofnverð og skuldir fylgja verðlagi og gengi

Til lengri tíma má gera ráð fyrir að árlegar afborganir skulda verði svipaðar og fjárfestingar

## Fjárfestingar

Gera má ráð fyrir að meðal fjárfestingarþörf í sjávarútvegi til lengri tíma nemi um 30% af EBITDA afkomu greinarinnar. Það er í samræmi við hlutföll fjárfestinga á árunum 2001 til 2008.


Miðað við framangreinda forsendu við EBITDA afkomu ársins 2010 væri meðaltals árleg fjárfestingarþörf um 19 milljarðar. Til samanburðar voru gjaldfærðar afskriftir ársins 2010 einungis 12,3 milljarðar en þá verður að hafa í huga að þær eru af gömlum nafnverðs stofnverðum sem hafa ekki verið endurmetin í samræmi við verðlagsbreytingar.

Í þessu sambandi verður að hafa í huga að hækkun byggingarvísitölu á 5 ára tímabili 1. janúar 2006 til 1. janúar 2011 nam 60% og litlu minni síðast liðin 5 ár frá deginum í dag. Á sama tíma hækkaði gengisvísitala yfir 100%.

## Afborganir af fjárfestingarskuldum

Gera má ráð fyrir að fjárfestingar séu fjármagnaðar að stærstum hluta með lánsfjármögnun en einnig eiginfjármögnun. Greiða þarf niður alla fjármögnun fjárfestinga á nýtingartíma þeirra og má því til lengri tíma gera ráð fyrir að árlegar afborganir nemi svipaðri fjárhæð og fjárfestingu.

Fjárfestingar í rekstrarfjármunum sem hlutfall af EBITDA 2001-2008



# Aðferðafræði útreikninga - sýnidæmi

## Sýnidæmi - Aflakló ehf

	2010
<b>Rekstur</b>	
Tekjur.....	1.384
EBITDA.....	388
Afskriftir.....	-116
Vaxtaberandi skuldir.....	-1.750
Aflaheimildir (þús.þ.íg.tonn).....	2.500

## Gögn

Safnað var fjárhagsupplýsingum um félögin fyrir árið 2010. Í einstaka tilfellum voru upplýsingar fyrir 2011 notaðar ef þær lágu fyrir.

Notast var við úthlutað aflamark fyrir fiskveiðiárið 2009/2010. Ástæðan er sú að fiskveiðiárið hefst 1. september og er megin þorri aflans fyrir fiskveiðiárið veiddur á komandi ári. Þannig er mest allur uppsjávarfiskur veiddur á nýju ári. Þannig endurspeglar aflamark sem úthlutað var 1. september 2009 best rekstrarafkomu sjávarútvegsfyrirtæka árið 2010.

## Sýnidæmi

Til að útskýra aðferðafræði fyrirtækjagreiningar tókum við dæmi um fyrirtækið „Aflakló ehf“<sup>1)</sup> sem er í veiði og vinnslu á bolfiski með um 2.500 þorskígildstonna aflamark, um 387 m.kr EBITDA og vaxtaberandi skuldir sem 4,3 x EBITDA.

### 1. Hækkun veiðigjalds


Veiðigjald fyrir árið 2010 er 6,44 kr á hvert ígildi og er sýnt sem „núverandi gjald“. Gert er ráð fyrir að fullt veiðigjald sé lagt á samkvæmt frumvarpi og reiknast það sem

- 8 kr fastagjald á hvert þorskígildi
- + 50,36 kr á hvert þorskígildi botnfisks
- + 78,29 kr á hvert þorskígildi uppsjávarfisks.

Tekið er tillit til þess að fyrstu 30 þorskígildistonn hvers báts eru án veiðigjalds og hálf gjald er greitt af næstu 70 þorskígildistönum.

1) Ekki er um raunverulegt fyrirtæki að ræða

## Hækkun veiðigjalds hjá Aflakló ehf



## 2010

### Gjald per ígildi

Fastagjald	8,00
Veiðigjald bolfiskur	50,36
Veiðigjald uppsjávarf.	78,29
Fjöldi skipa (bolf.)	1

### Útreikningur á gjaldi

Fastagjaldið	20.000.000
Bolfiskur	125.900.000
Bolf. afsláttur (30 t)	-1.510.800
Bolf. afsláttur (30t - 100t), 50%	-1.762.600
<b>Alls veiðigjald</b>	<b>142.626.600</b>

### Eldra veiðigjald

Veiðigjald 2010/2011	6,44
Veiðigjald fyrir	16.100.000
<b>Hækkun á veiðigjaldi</b>	<b>126.526.600</b>



# Aðferðafræði útreikninga - sýnidæmi

## 2. Áhrif á framlegð

Álagt veiðigjald fyrir árið 2010 er hluti af rekstrarkostnaði fyrirtækja og því er EBITDA ársins 2010, framlegð *eftir* greiðslu veiðigjalds. Til þess að fá sem skýrustu mynd af rekstrinum þá bætum við núverandi veiðigjald við EBITDA til þess að fá framlegð án veiðigjalds. Heildarveiðigjald (í okkar dæmi 143 m.kr) er svo dregið frá og áhrifin skoðuð.


Súlan hér til hægri sýnir framlegð (EBITDA) á hvert þorskígildi án veiðigjalds (161 kr/þíg). Skipting súlnar sýnir:

- Núverandi veiðigjald (ljósblá súla) – 6,44 kr
- Hækkun veiðigjalds (dökkblá súla) - 51 kr
- Hlutur sem rennur til fyrirtækis (græn súla) – 104 kr

Veiðigjald sem hlutfall af EBITDA (fyrir veiðigjald) er svo sýnt fyrir neðan. Þannig fer um 35% af framlegð Aflaklóar ehf í greiðslu á veiðigjaldi sem áður var 4%.

## Hækkun veiðigjalds hjá Aflakló ehf

Hlutur veiðigjalds af framlegð hvers þorskígildiskilós



**161 kr/þíg.**

EBITDA á þ.íg án veiðigjalds

**4,0%**

Núgildandi veiðigjald sem hlutf all af EBITDA

**104 kr/þíg.**

EBITDA á þ.íg að frádregnu v veiðigjaldi

**35,3%**

Heildarveiðigjald sem hlutf all af EBITDA

## 2. Áhrif á framlegð

2010	
<b>Framlegð</b>	
EBITDA	387.500.000
+ Veiðigjald	16.100.000
<b>EBITDA</b>	<b>403.600.000</b>
Veiðigjald alls	-142.626.600
<b>EBITDA (eftir)</b>	<b>260.973.400</b>

## Á hvert ígildi

þ.íg.kg.....	2.500.000
EBITDA (án veiðigjalds)...	161
Veiðigjald.....	6,44
Hlutur fyrirtækis.....	104
Hækkun veiðigjalds.....	51
Heilargjald á ígildi.....	57

1) Ekki er um raunverulegt fyrirtæki að ræða

# Aðferðafræði útreikninga - sýnidæmi

## 3. Áhrif á gjaldhæfi

Til að athuga áhrif á gjaldhæfi var reiknað út hvaða fjármagn fyrirtæki hefðu til að greiða niður skuldir og arð *eftir* að hafa greitt:

- Tekjuskatt
- Vexti af skuldum sínum
- Nauðsynlegar fjárfestingar

Reiknuð voru áhrifin fyrir og eftir hækkun á veiðigjaldi.

### Vaxtaberandi skuldir

Til vaxtaberandi skulda voru teknar langtímaskuldir við bankastofnanir sem og næsta árs afborgun langtímaskulda. Ekki voru teknar með vaxtaberandi skammtímaskuldir (sbr. Ádráttarlán). Ef félögin höfðu fengið leiðrétt lán eftir reikningsskiladag eru þau lán lækkuð til samræmis. Við útreikning á einstaka félögum voru verðmæti eignarhluta þeirra í öðrum félögum færðir til lækkunar á skuldum. Vextir voru áætlaðir 6%

### Tekjuskattur

Reiknaður tekjuskattur er 20%

### Fjárfestingar

Fjárfestingar eru miðaðar við 30% af EBITDA, sem eru raunhlutföll samanburðarára, en stjórnendur fyrirtækjanna voru beðnir um að skila inn breytingum á þeirri nálgun ef þeir teldu þá fjárfestingarþörf ekki gefa rétta mynd af fjárfestingarþörf sinna fyrirtækja til lengri tíma.

### Afskriftir

Þar sem fjárfestingar endurspeglar framtíðar afskriftir til lengri tíma voru þær lagðar að jöfnu. Þar við bættust afskriftir af skattalegu mati veiðiheimilda, en í frumvarpinu kemur fram heimild um afskriftir á þeim.

## Útreikningur á fjárlæði (án veiðigjalds)

Án veiðigjalds	2010
<b>Útreikn á skatti</b>	
EBITDA (án veiðigjalds)	403.600.000
- Afskriftir	-116.250.000
- Vextir	-105.000.000
<b>EBT</b>	<b>182.350.000</b>
Tekjuskattur	36.470.000
<b>Fjárlæði</b>	
EBT	182.350.000
+ Afskriftir	116.250.000
- Fjárfestingar	-116.250.000
- Tekjuskattur	-36.470.000
<b>Fjárlæði án veiðigjalds</b>	<b>145.880.000</b>

## Útreikningur á fjárlæði (með veiðigjaldi)

Með veiðigjaldi	2010
<b>Útreikn á skatti</b>	
EBITDA (með veiðigjaldi)	260.973.400
- Afskriftir	-116.250.000
- Afskriftir skattal. aflaðheimilda	-21.792.453
- Vextir	-105.000.000
<b>EBT</b>	<b>17.930.947</b>
Tekjuskattur	3.586.189
<b>Fjárlæði</b>	
EBT	17.930.947
+ Afskriftir	138.042.453
- Fjárfestingar	-116.250.000
- Tekjuskattur	-3.586.189
<b>Fjárlæði m.veiðigjaldi</b>	<b>36.137.211</b>

# Aðferðafræði útreikninga - sýnidæmi

## 3. Áhrif á gjaldhæfi

Útreikningar á fjárstreymi eru svo sýndir í samandreginni töflu sem sýnir fjárstreymi fyrirtækisins fyrir og eftir veiðigjald. Til að setja upphæðirnar í samhengi við gjaldhæfi fyrirtækisins er notast við uppgreiðslutíma lána þ.e.a.s hversu langan tíma það tæki fyrirtækið að greiða upp vaxtaberandi skuldir ef allt fjárstreymi (eftir vexti, skatta og fjárfestingar) væri notað.

Þannig tæki það Aflkló um 12 ár að endurgreiða sín lán fyrir álagningu veiðigjalds en með veiðigjaldi tæki það fyrirtækið um 48 ár.

Fjárstreymi	
m.kr	
EBITDA (án veiðigjalds)	404
- Reiknaðir vextir	-105
- Reiknaðir skattar	-36
- Fjárfestingar	-116
<b>Fjárstreymi</b>	<b>146</b>
<i>Hlutfall af vaxtab.skuldum</i>	<i>12</i>
- Veiðigjald alls	-143
<b>+ Skattasparnaður</b>	<b>33</b>
<b>Fjárstreymi (m.veiðigjaldi)</b>	<b>36</b>
<i>Hlutfall af vaxtab.skuldum</i>	<i>48</i>

Skattasparnaður	
m.kr 2010	
<b>Rekstur</b>	
Veiðigjald.....	143
Afskriftir skattl. aflaheimilda....	22
<b>x 20%.....</b>	<b>33</b>



# Renta og veiðigjald

## Renta og veiðigjald árið 2010

Veiðar og vinnsla	Botfiskur	Uppsjávarf.	Alls
+ EBITDA (m.kr)	52.712	10.926	63.638
Fastafjármunir (m.kr)	274.655	60.295	334.950
8% x verðmæti rekstrarfjármuna (veiðar)			
10% x verðmæti rekstrarfjármuna (vinnsla)			
- Árgreiðsla	23.415	5.278	28.693
<b>= Renta</b>	<b>29.297</b>	<b>5.648</b>	<b>34.945</b>
<i>Veiðigjald árið 2010 samkv. Frumvarpi</i>			
Sérstakt veiðigjald	13.634	5.879	19.513
Almenna veiðigjaldið.....			4.000
<b>Veiðigjald alls árið 2010.....</b>			<b>23.513</b>

Hér til vinstri er renta og veiðigjald samkvæmt frumvarpinu reiknað fyrir árið 2010. Rentan er áætluð um 35 ma.kr og veiðigjald er 23,5 ma.kr. Það virðist þó skjóta skökku við að veiðigjald skv. frumvarpi fyrir uppsjávarveiðar og vinnslu [5.879 m.kr] er hærra heldur en rentan [5.648 m.kr] skv. frumvarpinu.

# Útreikningar á fjárstreymi sjávarútvegsins miðað við fulla greiðslu veiðigjalds

Heildartekjur ríkisins af veiðigjaldi árið 2010.

## Fjárstreymi (fyrir veiðigjald)

	2010
<b>Reiknaður skattur</b>	
EBITDA	63.638
<b>+ Núverandi gjald</b>	<b>2.300</b>
- Afskriftir	-19.758
- Vextir	-21.960
<b>EBT</b>	<b>24.219,6</b>
Skattar	-4.844

## Fjárstreymi

EBT	24.220
+ Afskriftir	19.758
- Fjárfestingar	-19.758
- Skattar	-4.844
<b>Fjárstreymi</b>	<b>19.376</b>
<b>Hlutfall af vaxtab.skuldum</b>	<b>18,9</b>

Fyrir hækkun veiðigjalds tekur 18,9 ár að greiða upp vaxtaberandi skuldir en sá tími lengist í 518 ár eftir fyrirhugaða hækkun veiðigjalds.

## Fjárstreymi (eftir veiðigjald)

	2010
<b>Reiknaður skattur</b>	
EBITDA (án veiðigjalds)	65.938
- Veiðigjald	-23.513
<b>- Afskriftir</b>	<b>-19.758</b>
<b>- Afskriftir (skattal. aflheimilda)</b>	<b>-2.800</b>
<b>- Vextir</b>	<b>-21.960</b>
<b>EBT</b>	<b>-2.093</b>
Skattar	0

## Fjárstreymi

EBT	-2.093
